

11.05.2022

Fundur matsnefndar um nýjan íbúðakjarna

Fjarfundur hófst kl. 15.30 á Teams

Mætt: Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar, formaður matsnefndar, Sigurður Ólafsson deildarstjóri framkvæmdar- og tæknideildar hjá Árborg, Steinunn Jónsdóttir, forstöðuþroskaþjálfari heimilinu Birkimörk, Hvergerði og Jón Friðrik Matthíasson, bygginga- og mannvirkjafulltrúi hjá Hveragerðisbæ sem skipa matsnefndina. Auk þess sátu fundinn Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks – Bergrisans og Stefán B. Veturliðason verkfræðingur, ráðgjafi nefndarinnar

Dagskrá:

Mat lagt á tillögur/tilboð sem bárust í alútboði vegna byggingar íbúðakjarna við Nauthaga á Selfossi

Tvö tilboð/tillögur bárust í verkefnið, tillaga 2340955 og tillaga 654235. Stenst hvorug tillagan tilboð Bergrisans bs., fyrir hönd Arnardrangs hses., um verð. Stefán Veturliðason fer yfir tillögurnar og leggur nefndin mat á þær samkvæmt fyrirfram ákveðnum viðmiðum- tilvísun í mat/fundargerð.

Tillaga 2340955 fellur betur að útboðskröfum og leggur matsnefnd því til að farið verði í samningaviðræður við aðila 2340955. Matsnefnd óskar eftir að aðili sem stendur að baki tillögu 2340955 útfæri teikningu af húsinu þannig að hún samræmist betur stærðum rýma sem lagt er upp með í kröfulýsingu verkefnisins.

Ákveðið er að fá kynningu á byggingarefninu Durocell sem verktaki ætlar sér að notast við sem megin byggingarefni í húsnæðinu en efnið hefur ekki verið notað víða hér á landi þó að það falli að reglugerðum.

Fundi slitið kl. 15.35

Íris Ellertsdóttir